

31. desember 1972

241

Nr. 101.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948“ í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 1. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu. Getur ráðherra bundið leyfið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef bol-fiskur er veiddur í þetta veiðarfæri.

3. gr.

Á eftir lið C2 í 2. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi nýr liður, svo hljóðandi:

G2. Frá línu réttvísandi suðaustur af Selskeri að 18° vestlægri lengd er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Á eftir lið G1 í 2. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

G2. Frá línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26. skv. reglugerð nr. 189/1972) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

4. gr.

Á eftir 3. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (4. gr.) Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talizt, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

A 30

- b. (5. gr.) Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.
- c. (6. gr.) Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem megináherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er við kemur vernd fiskistofnanna.

Aðrar greinar laganna breyti um röð í samræmi við þetta, þannig að 4. gr. verður 7. gr. o. s. frv.

5. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1972“ í 8. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 89/1971) komi: til 1. júlí 1973.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síldar- og fiskimjölswerksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 3. mgr. 2. gr.

2. gr.

Skipulagning og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda til skiptis frá samtökum sjómanna og frá samtökum útgerðarmanna, eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenzkra fiskimjölframleiðenda og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til eins árs í senn. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskimjölswerksmiðja og ákveða samkvæmt því, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur.

Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju, meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi.